

Kennslugögn:

Headway Intermediate 4th Edition (Student's book)

Smásögur í Innu

A Matter of Chance David A. Hill

Ensk – íslensk skólaorðabók eða sambærileg góð ensk/ensk orðabók

Lýsing:

Nemendur eru þjálfaðir í undirstöðuatriðum enskrar málnotkunar. Áhersla er lögð á að nemendur lesi fjölbreytilega texta. Áhersla er á markvissar hlustunaræfingar og æfingar í ensku talmáli, m.a. í tengslum við lestrar- og hlustunarefni. Áhersla er lögð á að byggja upp hagnýtan og virkan orðaforða. Skriflegi þátturinn er þjálfaður með fjölbreyttum æfingum í takt við skilgreinda færni og málnotkunaratriði sem stefnt er að í áfanganum. Kennend eru undirstöðuatriði í notkun orðabóka.

Forkröfur: Einkunnin C eða C+ á grunnskólaprófi

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða; notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega; helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að skilja talað mál við mismunandi aðstæður; lesa margs konar tegundir texta; taka þátt í einföldum samskiptum á viðeigandi hátt; tjá sig um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið; skrifa margs konar texta, formlega og óformlega.

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að skilja daglegt mál; tileinka sér efni ritaðs texta; tjá sig á skiljanlegan hátt og beita tungumálinu; skrifa læsilega texta um margs konar efni og frá eigin brjósti.

Námsmat:	Efnispættir	Lýsing	vægi
	Kaflapróf	Headway	10%
	Verkefni/próf	smásögur	10%
	Verkefni/próf	Matter of Chance	10%
	Munnlegt verkefni		10%
	SRA – Lestur	lestextar	5%
	Ritun	ritunarverkefni	5%
	Próf	Lokapróf í desember	50%

Þeir nemendur sem fá 8 í annareinkunn þurfa ekki að þreyta lokapróf.

Sérreglur áfangans: Ætlast er til að nemendur fylgist með nánari kennsluáætlunum og tilkynningum í Innu. Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf/verkefni sem ekki er tekið/skilað nema lögleg forföll (L, V eða W í Innu) komi til. Nemendur með lögleg forföll geta tekið prófin í lok annar. Þetta gildir um alla nemendur áfangans. Nemendur fæddir 1998 eða fyrr þurfa í byrjun annar að undirrita samning um nám og mætingu á önninni. Gerð er sú krafa að nemendur mæti með þau námsgögn og tæki sem nota á í tímanum. Ef svo er ekki verður nemenda vísað úr tíma og hann fær fjarvist fyrir tímann. Einnig fá fjarvist nemendur sem mæta 15 mínútum eftir upphaf tímans eða seinna.

F.Su. 16. ágúst 2018

Helgi Þorvaldsson / Paola Daziani / Ægir Pétur Ellertsson